

## Ólöf Kristín Daníelsdóttir

---

**Frá:** Rögnvaldur Helgason <rognvaldur@nordurland.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 13. október 2021 10:19  
**Til:** info  
**Efni:** Mannamót Markaðsstofa landshlutanna - Skráning er hafin!

**Flokkar:** Vistað í OneCRM; 2110051  
**One:** -1

Góðan dag!

Loksins snúa Mannamót Markaðsstofa landshlutanna aftur. Fimmtudaginn 20. janúar ætlum við að hittast í Kórnum í Kópavogi til að kynna okkur fyrir ferðaskrifstofum og öðrum í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, en líka til þess að hitta kollega okkar frá Norðurlandi og öðrum landshlutum. Þessi ferðakaupsýning er orðinn fastur liður á dagatali fólks í ferðaþjónustu og hér hjá okkur á Markaðsstofu Norðurlands ríkir mikil tilhlökkun fyrir þessum degi sem hefur alltaf verið frábær.

Skráning á sýninguna er nú hafin og við hvetjum okkar samstarfsfyrirtæki að ganga frá skráningu sem fyrst, því yfirleitt komast færri að en vilja. Ferðaþjónustan á Norðurlandi hefur alltaf verið fyrirferðamikil á sýningunni. Slagkraftur fyrirtækjanna og samstaðan um að kynna landshlutann hefur verið frábær og við erum spennt fyrir því að halda því áfram með samstarfsfyrirtækjum okkar.

Skráningu lýkur 15. desember næstkomandi, og þegar fullt verður á sýninguna verður hægt að skrá sig á biðlista. Verð er óbreytt frá því sem var árið 2020, 19.000+vsk. Aðeins skráðum samstarfsfyrirtækjum gefst kostur á að skrá sig.

Smelltu hér til að finna skráningu á Mannamót 2022: <https://www.markadsstofur.is/is/frettir/skraning-er-hafin-a-mannamot-2022>

Bestu kveðjur/Best regards  
Rögnvaldur Már Helgason  
Verkefnastjóri upplýsingaþjónustu, útgáfu og almannatengsla  
Sími/Phone: +354 462 3312 / +354 868 0799  
Markaðsstofa Norðurlands / Visit North Iceland  
[www.nordurland.is](http://www.nordurland.is) / [www.northiceland.is](http://www.northiceland.is)

